

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa

Úrskurður uppkveðinn 17. janúar 2025 í máli nr. 79/2024

Kærunefndina skipa í þessu máli lögmennirnir Hildur Leifsdóttir, Hildur Ýr Viðarsdóttir og Jón Rúnar Pálsson.

I

Aðild og kröfugerð

Þann 11. júlí 2024 barst kærunefnd vöru- og þjónustukaupa beiðni um úrskurð nefndarinnar („kvörtun“), frá X („sóknaraðili“), vegna ágreinings við fyrirtækið Y („varnaraðili“).

Sóknaraðili krefst þess að varnaraðili endurgreiði henni 105.000 krónur. Varnaraðili krefst þess að kröfu sóknaraðila verði hafnað.

II

Málsmeðferð hjá kærunefndinni

Með tölvubréfi þann 11. júlí 2024 var varnaraðila gefinn kostur á að senda andsvör til nefndarinnar innan tveggja vikna í samræmi við 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa. Andsvör varnaraðila bárust til nefndarinnar 2. september 2024. Athugasemdir beggja aðila bárust jafnframt þann sama dag.

Framlögð gögn í málinu eru auk kvörtunar, andsvara og athugasemda beggja aðila, reikningur vegna kaupanna, dags. 26. mars 2024, staðfesting á greiðslu hans sama dag, afrit af skriflegum samskiptum milli aðila og yfirlýsing, dags. 9. desember 2024.

Með bréfi, dags. 16. janúar 2025 var aðilum tilkynnt að gagnaöflun væri lokið og að kærunefndin hefði tekið málið til úrskurðar.

III

Málsatvik og ágreiningsefni

Af gögnum máls má ráða að sóknaraðili óskaði eftir því með tölvupósti, dags. 21. mars 2024, að kaupa notaða sjálfskiptingu í bifreið sína, af tegundinni [...], árgerð 2011, frá varnaraðila. Í svari varnaraðila til sóknaraðila sama dag kvaðst hann eiga slíka á lager og að kaupverðið væri 70.000 krónur auk virðisaukaskatts. Í kjölfarið pantaði sóknaraðili sjálfskiptinguna og greiddi. Var bifreiðin síðan færð til viðgerðar hjá [...]. Sömdu aðilar svo um að varnaraðili myndi afhenda viðgerðaraðila sjálfskiptinguna. Síðar kom í ljós að sjálfskiptingin passaði ekki í bifreiðina og var kaupverð hennar í kjölfarið endurgreitt sóknaraðila. Lagði viðgerðaraðili þá til að skipta um svokallaðan converter í bifreiðinni. Þann 26. mars 2024 greiddi sóknaraðili varnaraðila 105.000 krónur fyrir þann varahlut. Aðilum fer ekki saman um aðdraganda þeirra kaupa og málsatvik í framhaldinu. Með tölvupóstum 28. maí og 7. júní 2024 krafðist sóknaraðili endurgreiðslu á kaupverði convertersins. Af tölvupóstum varnaraðila dags. 7. og 11. júní 2024 verður ekki annað ráðið en að hann hafi fallist á að endurgreiða sóknaraðila en af því varð ekki.

Sóknaraðili byggir á því að hafa jafnframt samið við starfsmann varnaraðila um að koma sjálfskiptingunni fyrir í bifreiðinni og kveðst hún hafa greitt honum 70.000 krónur með reiðufé fyrir vinnuna. Lýsir sóknaraðili því að viðgerðin hefði dregist mjög. Síðar hafi varnaraðili upplýst hana að við útskipti á sjálfskiptingunni

hafi komið í ljós að converter bifreiðarinnar væri bilaður. Hafi varnaraðili því pantað þann varahlut og sóknaraðili greitt fyrir hann alls 105.000 krónur. Einhverju síðar hafi varnaraðili upplýst sóknaraðila um að converterinn passaði ekki í bifreiðina. Að sögn sóknaraðila hafi varnaraðili lofað henni að kaupverð hans yrði endurgreitt. Hafi varnaraðili hins vegar ekki gert það. Þá ber sóknaraðili því við að hafa aldrei fengið converterinn afhentan. Sóknaraðili kveðst hafa síðar látið líta á bifreiðina og hafi komið í ljós að ekkert hafi verið átt við sjálfskiptinguna. Hafi sóknaraðili borið það undir varnaraðila og hann í kjölfarið endurgreitt henni kaupverð sjálfskiptingunnar.

Sóknaraðili kveðst hafa sótt bifreiðina til varnaraðila og selt hana síðar fyrir 80.000 krónur enda hafi hún verið nánast verðlaus í þáverandi ástandi. Sé algengt söluverð bifreiðar af þessari tegund og árgerð um 700.000 krónur. Sóknaraðili kveðst því hafa orðið fyrir fjárhagslegu tapi vegna viðskipta sinna við varnaraðila og krefst þess að varnaraðili endurgreiði henni 105.000 krónur.

Varnaraðili vísar til þess að sjálfskiptingin sem hann hafi selt sóknaraðila hafi ekki passað í bifreiðina. Hafi varnaraðili því endurgreitt sóknaraðila kaupverð hennar. Að sögn varnaraðila hafi bifvélavirki á verkstæðinu [...] upplýst hann um að converter bifreiðarinnar væri slitinn og læki og að skipta þyrfti honum út. Hafi varnaraðili því boðist til að panta nýjan converter fyrir sóknaraðila sem hún hafi samþykkt og greitt fyrir. Hafi fyrrum starfsmaður varnaraðila farið og afhent viðgerðaraðila varahlutinn og að sögn þess fyrirtækis hafi hann verið í lagi og passað í bifreiðina. Varnaraðili kveðst einnig hafa fengið þær upplýsingar frá verkstæðinu að bifvélavirkinn hafi skilið gamla converterinn eftir í bifreiðinni.

Varnaraðili ítrekar að hann hafi selt sóknaraðila umræddan varahlut en hann hafi ekki sett hann í bifreið sóknaraðila enda sinni hann ekki viðgerðarþjónustu. Krefst varnaraðili því þess að kröfu sóknaraðila verði hafnað.

IV

Niðurstaða

Sóknaraðili festi kaup á notaðri sjálfskiptingu fyrir bifreið af gerðinni [...], árgerð 2011, frá varnaraðila þann 21. mars 2024. Þann 26. sama mánaðar keypti sóknaraðili síðan svokallaðan converter í bifreiðina af varnaraðila og greiddi 105.000 krónur fyrir. Síðar kom í ljós um sjálfskiptingin passaði ekki í bifreið sóknaraðila og endurgreiddi varnaraðili sóknaraðila kaupverð hennar. Sömdu aðilar svo um að converterinn yrði afhentur á verkstæði [...] þar sem bifreiðin var til viðgerðar. Að sögn sóknaraðila fór hún með bifreiðina þangað til viðgerðar eftir að hafa samið við starfsmann varnaraðila um að hann myndi gera við bifreiðina þar. Ágreiningur aðila varðar það hvort converterinn hafi verið afhentur og svo skipt um hann í kjölfarið í bifreiðinni. Sóknaraðili byggir á því að svo hafi ekki verið og krefst endurgreiðslu kaupverðs. Varnaraðili kveðst hafa afhent varahlutinn á verkstæðinu og hafnar kröfu sóknaraðila.

Samkvæmt 1. mgr. 5. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup (nkpl.) skal seljandi hafa söluhlut til reiðu til viðtöku á þeim stað þar sem seljandinn hafði atvinnustöð sína þegar kaup voru gerð. Ef kaup voru gerð án tengsla við atvinnustöð seljanda ber að afhenda hlutinn hjá neytandanum. Í 3. mgr. sama ákvæðis er kveðið á um að aðilum sé heimilt að semja um annan afhendingarstað. Fjallað er um úrræði neytanda vegna afhendingardráttar seljanda í neytendakaupum í V. kafla nkpl.

Sóknaraðili kveðst hafa komist að því í kjölfar viðgerðar að ekki hafi verið skipt um hinn umþrætta varahlut. Undir rekstri málsins lagði sóknaraðili fram yfirlýsingu

[...], dags. 9. desember 2024. Í henni segir að: „í fyrravor fór ég að [...] að spyrjast fyrir um gang á viðgerð á [...]. Bíllinn var þá inni á verkstæðinu og þá var sagt að það væri búið að skipta um skiptingu en nú vantaði converter en hann væri væntanlegur næstu daga. Nokkru síðar var sagt að converterinn væri kominn en hann hefði ekki passað og sá er rétti fengist hvergi nema í umboðinu og væri svo dýr að það borgaði sig ekki að gera við bílinn. [...] Nokkrum dögum síðar fór ég svo með [...] að sækja bílinn[...]. Þá hafði verið búið að taka loftsíuna og rafgeyminn úr svo það sást í samskeyti vélar og skiptingar (geymir og loftsía voru inni í bílnum). Ég gat keyrt bílinn smá spöl [...]. Ég tók eftir að það höfðu ekki verið hreinsuð nein óhreinindi af skiptingu og vél og hvergi sáust nein ummerki eftir verkfæri svo ég er sannfærður um að skiptingin hafði ekki verið tekin úr og þá enn síður að það hefði verið gert tvisvar (það þarf að taka hana úr til að skipta um converter). Ég tel óhugsandi að hægt sé að taka svona í sundur án þess að sjáist för eftir lykla eða önnur verkfæri og ekki heldur í óhreinindum sem safnast á vélina...“ Í yfirlýsingunni kemur jafnframt fram að undirritaður sé ekki fagmaður en hafi unnið talsvert við vélar og viðgerðir í áratugi. Var varnaraðila gefið tækifæri til að gera athugasemdir við framangreinda yfirlýsingu með tölvubréfi þann 10. desember 2024 en engin viðbrögð bárust.

Varnaraðili heldur því fram að starfsmaður hans hafi farið og afhent viðgerðaraðila varahlutinn. Þá ber varnaraðili því við að viðgerðaraðili hafi upplýst hann um að varahluturinn hafi verið í lagi og passað í bifreiðina. Undir rekstri málsins óskaði kærunefndin eftir því við varnaraðili að hann myndi leggja fram skriflega staðfestingu viðgerðaraðilans á framangreindu. Í tölvupósti þann 19. nóvember 2024 upplýsti varnaraðili kærunefndina að hann gæti ekki aflað slíkrar staðfestingar þar sem hann næði ekki sambandi við viðgerðaraðilann. Ítrekaði kærunefndin beiðni sína þann 29. sama mánaðar en án árangurs.

Líkt og að framan greinir sömdu aðilar svo um að varnaraðili myndi afhenda viðgerðaraðila hinn umþrætta varahlut, sbr. 3. mgr. 5. gr. nkpl. Meginregla samningaréttar er sú að gerða samninga beri að halda. Að mati kærunefndarinnar verður varnaraðili að bera hallann af því að geta ekki lagt fram umbeðna staðfestingu viðgerðaraðilans á móttöku converterins. Liggur þar af leiðandi ekki skýrt fyrir hvort varnaraðili hafi sannanlega efnt samning aðila með afhendingu hlutarins. Þá verður ráðið af tölvupóstsamskiptum aðila í júní 2024 að varnaraðili hafi fallist á að endurgreiða sóknaraðila kaupverð varahlutarins en af því hafi hins vegar ekki orðið. Í ljósi alls framangreinds verður fallist kröfu sóknaraðila um að varnaraðila beri að endurgreiða sóknaraðila 105.000 krónur.

V

Úrskurðarorð

Varnaraðili, Y, endurgreiði sóknaraðila, X, 105.000 krónur.

Málskotsgjald að fjárhæð 5.000 krónur verður endurgreitt sóknaraðila samkvæmt a. lið 2. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa.

Varnaraðila ber að greiða málskostnaðargjald að fjárhæð 35.000 krónur með vísan til 3. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa.

Hildur Ýr Viðarsdóttir
formaður

Hildur Leifsdóttir

Jón Rúnar Pálsson